

Breytingartillögur

við till. til þál. um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011–2014.

Frá utanríkismálanefnd.

- Í stað 1. másl. 3. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Barátta gegn fátækt, félagslegu ranglæti, misskiptingu lífsgæða og hungri í heiminum sé forgangsmál í öllu þróunarstarfi og verði áfram þungamiðjan í stefnu Íslands í þessum efnum. Jafnframt verði lögð mikil áhersla á mannréttindi, jafnrétti kynjanna, réttindi barna, frið og öryggi.
- Kaflinn **Framlög** orðist svo:

Íslensk stjórnvöld styðji markmið Sameinuðu þjóðanna (SÞ) um að iðnríki skuli veita sem nemur 0,7% af vergum þjóðartekjum (VÞT) til þróunarsamvinnu. Mörkuð verði sú stefna að Ísland muni á næstu tíu árum skipa sér í hóp þeirra ríkja sem leggja meira en sem nemur 0,7% af VÞT til þróunarsamvinnu. Framfylgt verði eftirfarandi áhersluatriðum:

 - Fylgt verði tímasettri áætlun um hækkun framlaga á gildistíma þessarar áætlunar, úr 0,21% í 0,28% af VÞT á tímabilinu 2011–2014, sbr. eftirgreinda töflu.
 - Hraðað verði hækkun framlaga við endurskoðun áætlunarinnar árið 2013.
 - Verði hagvöxtur meiri en nú er spáð komi framlögin til endurskoðunar en jafnframt tryggt að framlög til þróunarmála verði aldrei lægri að raungildi en árið 2011.
 - Árið 2017 renni 0,5% af VÞT til þróunarmála og árið 2019 renni 0,7% af VÞT til þróunarmála.
 - Sérstakir fjárlagaliðir fyrir samstarf við félagasamtök, Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (HSP), Alþjóðabankann og umhverfis- og loftslagsmál verði í fjárlögum 2012.

Áætlað er að þróun framlaga á gildistíma áætlunarinnar verði sem hér segir:

	VÞT* (m.kr.)	Hlutfall af VÞT (%)	Framlög (m.kr.)
2011	1.342.565	0,21	2.765
2012	1.468.071	0,21	3.083
2013	1.538.568	0,25	3.846
2014	1.657.441	0,28	4.640

Samkvæmt Hagstofu Íslands.

Fylgt verði eftirfarandi áætlun um skiptingu framlaga eftir fjárlagaliðum:

	2011		2012		2013		2014	
	(m.kr.)	(%)	(m.kr.)	(%)	(m.kr.)	(%)	(m.kr.)	(%)
Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ)	1.166,3	42	1.234,0	40	1.539,0	40	1.856,0	40
Útanríkisráðuneytið	1.599,0	58	1.670,0	54	2.038,0	53	2.413,0	52
Þar af:								
Jarðhitaskóli HSP	187,7	7	199,0	6				
Matvæla- og landbúnaðarst. SP, FAO	11,0	0	11,0	0				
Þróunaráætlun SP, UNDP	22,1	1	23,0	1				
Barnahjálp SP, UNICEF	112,4	4	122,0	4				
Sjávarútvegsskóli HSP	147,3	5	158,0	5				
UNIFEM/UN Women	102,0	4	117,0	4				
Mannúðarmál og neyðaraðstoð	221,4	8	173,0	6				
Íslensk friðargæsla	115,8	4	144,0	5				
Þróunarmál og hjálparstarfsemi	353,3	13	169,0	5				
Átak í lækkun skulda þróunarríkja	20,0	1	–	–				
Alþjóðabankinn	–	–	138,0	4				
Landgræðsluskóli HSP	–	–	68,0	2				
Umhverfis- og loftslagsmál	–	–	60,0	2				
SP (alm. framl., alþj. friðarg., ILO, WHO)	56,0	2	56,0	2				
Stofnfjárframlög (IDA, NDF)	250,0	9	230,0	7				
Samstarf við frjáls félagasamtök	–	–	179,0	6	269,0	7	371,0	8
SAMTALS	2.765,3	100	3.083,0	100	3.846,0	100	4.640,0	100
Hlutfall af VÞT	0,21%		0,21%		0,25%		0,28%	

3. Í stað orðsins „Ofbeldissjóð UN Women“ í d-lið 3. tölul. IV. liðar í kaflanum **Framkvæmd** komi: styrktarsjóð á vegum UN Women til afnáms ofbeldis gegn konum.